



Fundur í sveitarstjórn

93. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn, fimmtudaginn 13. desember 2018. Fundur var settur kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Mirjam Blekkenhorst, Halldór Rúnar Stefánsson, Þórarinn J. Þórisson, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti lagði til að nýjum lið yrði bætt við dagskrána, ályktun varðandi flugmál. Sá liður yrði nr. 22 og tölusetning annarra liða breyttist til samræmis við það.

Samþykkt samhljóða.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 865. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 30. nóvember 2018
- 2) Fundargerð 408. fundar stjórnar Hafnarsambands sveitarfélaga, dags. 23. nóvember 2018
- 3) Fundargerð 314. fundar stjórnar Eyþings, dags. 23. nóvember 2018
- 4) Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 14. mars 2018
- 5) Fundargerð 200. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 24. apríl 2018
- 6) Fundargerð 201. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 14. júní 2018
- 7) Fundargerð 202. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 1. sept. 2018
- 8) Fundargerð 203. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 24. okt. 2018
- 9) Fundargerð 38. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 11. desember 2018
 - a) Liður 2.1. Tillaga að deiliskipulagi – Hesthúsasvæði
 - b) Liður 2.2. Tillaga að deiliskipulagi – Miðsvæði
 - c) Liður 2.3. Tillaga að deiliskipulagi – Athafnasvæði
 - d) Liður 2.4. Tillaga að deiliskipulagi – Þórshafnarkirkja
 - e) Liður 3. Hafnartangi á Bakkafirði, lóðablað
- 10) Þinggerð Hafnarsambandsþings, 24.-26. október 2018, ásamt ályktun um öryggi í höfnum
- 11) Hluthafafundur í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., dags. 26. nóvember 2018
- 12) Viðauki við fjárhagsáætlun, erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 7. nóvember 2018
- 13) Lokaskýrsla – samstarf Langanesbyggðar og Þekkingarnets, dags. nóv. 2018
- 14) Endurskoðun hjá Langanesbyggð, endurnýjun umboðs KPMG
- 15) Undirbúningur kjaraviðræðna 2019 og kjarasamningsumboð
- 16) Skipulagsbreytingar á þjónustumiðstöð Langanesbyggðar
- 17) Bygðakvóti fiskveiðiársins 2018/2019



- 18) Byggðakvóti, sérreglur Langanesbyggðar
- 19) Minnisblað vegna Drekasvæðis ehf., dags. 28. nóvember 2018
- 20) Erindi frá N4 til Langanesbyggðar, ódags.
- 21) Aðgangur að Íþróttamiðstöð Langanesbyggðar utan hefðbundins opnunartíma
- 22) Ályktun um flugmál
- 23) Fundaplan 2019
- 24) Reglur um starfskjör kjörinna fulltrúa og nefndarfólks
- 25) Fjárhagsáætlun 2019 – síðari umræða
- 26) Skýrsla sveitarstjóra

Fundargerð

- 1. Fundargerð 865. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 30. nóvember 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 2. Fundargerð 408. fundar stjórnar Hafnarsambands sveitarfélaga, dags. 23. nóvember 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 3. Fundargerð 314. fundar stjórnar Eypings, dags. 23. nóvember 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 4. Fundargerð 199. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 14. mars 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 5. Fundargerð 200. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 24. apríl 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 6. Fundargerð 201. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 14. júní 2018**
Fundargerðin lögð fram.
- 7. Fundargerð 202. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 1. sept. 2018**
Fundargerðin lögð fram.



8. Fundargerð 203. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, dags. 24. okt. 2018

Fundargerðin, ásamt fjárhagsáætlun fyrir 2019 lögð fram.

9. Fundargerð 38. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 11. desember 2018

Fundargerðin lögð fram.

a) Liður 1.1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi – Hesthúsahverfi við Þórshöfn

Lagðir eru fram uppdrættir með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027, hesthúsahverfi við Þórshöfn, dags. 30. nóvember 2018 og með tillögu að deiliskipulagi sama svæðis, dags. 30. nóvember 2018. Fram kemur í bókun nefndarinnar að hún samþykki framlagðar tillögur samhljóða.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að auglýsa aðalskipulagsbreytingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún er auglýst sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

b) Liður 1.2. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi – Efnistaka fyrir námur

Lagður fram uppdráttur með tillögu að breytingu á staðfestu aðalskipulagi 2007-2027 – efnistaka, dags. 29.11. 2018. Fram kemur í bókun nefndarinnar að hún samþykki framlagðar tillögur samhljóða.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að auglýsa aðalskipulagsbreytingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga skal send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún er auglýst sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

c) Liður 2.1. Tillaga að deiliskipulagi – Hesthúsahverfi við Þórshöfn

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi hesthúsahverfis við Þórshöfn. Skipulagsgagn er skipulagsuppdráttur með greinargerð dags. 30. nóvember 2018. Deiliskipulagið er unnið samhliða breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 þar sem landnotkunarreitir Íþ1 er skilgreindur fyrir hesthúsahverfi. Fram kemur í bókun nefndarinnar að hún samþykki framlagðar tillögur samhljóða.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar tillaga að breytingu á aðalskipulagi hefur fengið yfirferð hjá Skipulagsstofnun.

Samþykkt samhljóða.



d) *Liður 2.2. Tillaga að deiliskipulagi – Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg Þórshöfn*

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn. Skipulagsgögn eru greinargerð og skipulagsuppdráttur dags. 30. nóvember 2018. Fram kemur í bókun nefndarinnar að hún samþykki framlagðar tillögur samhljóða.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

e) *Liður 2.3. Tillaga að deiliskipulagi – Athafnasvæði á Þórshöfn*

Lögð var fram skipulagslýsing, dags. 26. nóvember 2018 um fyrirhugað deiliskipulag athafnasvæðis við Þórshöfn. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og forsendum. Fram kemur í bókun nefndarinnar að hún samþykki framlagðar tillögur samhljóða.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

f) *Liður 2.4. Skipulagslýsing – Kirkjugarður Þórshafnarkirkju*

Lögð var fram skipulagslýsing um fyrirhugað deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju, dags. 26. nóvember 2018. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og forsendum. Fram kemur í bókun nefndarinnar að hún samþykki framlagðar tillögur samhljóða.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að leita umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

g) *Liður 3. Hafnartangi á Bakkafirði, lóðablað*

Lögð fram tillaga að lóðarblaði og stofnun lóða á Hafnartanga á Bakkafirði. Hagsmunaaðilum var gefinn kostur á umsögn. Aths. barst frá eiganda Hafnartanga 2 þar sem hann óskaði eftir því að lóð 2 verði í flútti við samliggjandi lóð 2b. Komið var til móts við athugasemdir.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir bókun umhverfis- og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að ljúka málinu í samræmi við ákvörðun nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.



10. Þinggerð Hafnarsambandsþings, 24.-26. október 2018, ásamt ályktun um öryggi í höfnum

Þinggerðin lögð fram ásamt ályktun um öryggi í höfnum.

11. Hluthafafundur í Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf., dags. 26. nóvember 2018

Fundargerð hluthafafundar Atvinnuþróunarfélagsins, dags. 26. nóvember 2018, lögð fram.

12. Viðauki við fjárhagsáætlun, erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 7. nóvember 2018

Erindi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2018, lagt fram.

13. Lokaskýrsla – samstarf Langanesbyggðar og Þekkingarnets, dags. nóv. 2018

Lokaskýrsla um samstarf Langanesbyggðar og Þekkingarnets Þingeyinga tímabilið 2015-2018 lögð fram. Í skýrslunni er tekið saman yfirlit yfir þau verkefni sem unnin hafa verið að fyrir sveitarfélagið á tímabilinu.

Bókun um afgreiðslu: Um leið og Grétu Bergrúnu eru þökkuð góð störf er lokaskýrslunni vísað til Atvinnu- og nýsköpunarnefndar til umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða.

14. Endurskoðun hjá Langanesbyggð, endurnýjun umboðs KPMG

Lagt fram bréf um áframhaldandi störf KPMG ehf. um endurskoðun á A og B hluta sveitarsjóðs, dags. 21. nóvember 2018.

Til máls tók: Björn Guðmundur Björnsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að KPMG sinni áfram endurskoðun á A og B hluta sveitarsjóðs og að endurskoðendur þessir hafi aðgang að gögnum sveitarfélagsins sem teljast nauðsynleg vegna endurskoðunarinnar.

Samþykkt samhljóða.

15. Undirbúningur kjaraviðræðna 2019 og kjarasamningsumboð

Lagt fram yfirlit um undirbúning kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjaraviðræðna á næsta ári. Einnig er lagt fram samkomulag um kjarasamningsumboð til Sambands íslenskra sveitarfélaga til samningsgerðar fyrir hönd Langanesbyggðar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að veita kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga umboð til gerð kjarasamninga, samkvæmt framlögðu umboði.

Samþykkt samhljóða.



16. Skipulagsbreytingar á þjónustumiðstöð Langanesbyggðar

Á 75. fundi sveitarstjórnar var samþykkt samhljóða tillaga þess efnis að fenginn yrði faglegur ráðgjafi til „að skoða hvernig hægt væri að skipuleggja starfsemi áhaldahúss, hafna og jafnvel slökkviliðs með það að markmiði að bæta þjónustu, bæta nýtingu starfsmanna og mögulega draga úr kostnaði.“ Í framhaldi var KPMG fengið til að framkvæma greiningu í samræmi við fyrrgreinda samþykkt. Niðurstaða KPMG var að leggja til að skilgreind verði sérstök þjónustumiðstöð er taki til þjónustu við allar eignir sveitarfélagsins þ.m.t. rekstur gatna, opinna svæða, veitna og hafna. Að fengnum tillögum KPMG hófst vinna við skoðun tillagna og útfærslu þeirra. Sú vinna fór fram með aðkomu sérfræðinga og sveitarstjórnarfólks. Meðal annars hafa verið haldnir tveir formlegir vinnufundir sveitarstjórnar ásamt óformlegum fundum.

Niðurstaða ofangreindrar vinnu er að leggja til að sett verði á stofn *Þjónustumiðstöð Langanesbyggðar* sem hafi það hlutverk að þjónusta allar eignir sveitarfélagsins, stofnanir þess og íbúa. Markmið skipulagsbreytinga er að bæta nýtingu mannafla, fjármagns og bæta þjónustu við samfélagið í Langanesbyggð.

Til máls tók: Sólveig Sveinbjörnsdóttir sem lýsti yfir vanhæfi sínu til afgreiðslu þessa máls.

Samþykkt samhljóða.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 17:17. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:18.

Til máls tók: Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi bókun U-listans: Í nóvember var boðað til vinnufundar þar sem U-listanum var birt skýrsla frá KPMG sem er frá því í júlí, þar sem fram koma tillögur og fagleg úttekt KPMG á þjónustu og skipulagningu áhaldahúss, hafna og slökkviliðs þar sem þeir leggja til að þjónustumiðstöð yrði stofnuð og hefði yfirumsjón með starfsmönnum áhaldahúss, flugafgreiðslu, hafna, slökkviliðs og húsvarða. Betra hefði verið ef skýrslan hefði verið afhent sveitarstjórn í júlí.

U-listinn er sammála þeim hugmyndum sem fram koma í skýrslu KPMG og leggur til að farið verði eftir þeim.

Til stendur að hafa slökkvilið ekki með í stofnun þjónustumiðstöðvar og þar af leiðandi og vegna ýmissa annarra atriða getur U-listinn ekki samþykkt framliggjandi tillögu. Það er að okkar mati, KPMG og fleiri aðila sem U-listinn hefur rætt við, mikil sóknarfæri í að nýta mannskap og lækka kostnað falinn í því að stofna þjónustumiðstöð með slökkviliðinu.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir stofnun Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar sem yfirtaki verkefni áhaldahúss, daglegan rekstur hafna, mönnun flugturns og önnur þau verkefni er fylgja. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að framgangi verkefnisins og framkvæma þær breytingar sem ráðast þarf í. Miðað skal við að þjónustumiðstöð taki til starfa þann 1. apríl 2019.



Samþykkt með atkvæðum Þorsteins Ægis Egilssonar, Mirjam Blekkenhorst, Halldórs, R. Stefánssonar, Þórarins J. Þórissonar.

Á móti Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson.

17. Byggðakvóti fiskveiðiársins 2018/2019

Fram er lagt bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags 23. nóvember sl. sem varðar úthlutun á byggðakvóta fyrir Þórshöfn og Bakkafjörð. Einnig er lagður fram tölvupóstur og afrit af bréfi ráðuneytisins dags 11. desember sl. um sama efni.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að óska skýringa á breyttri úthlutun byggðakvóta, einnig er sveitarstjóra falið að leita álits lögfræðings sveitarfélagsins vegna málsins.

Samþykkt samhljóða.

18. Byggðakvóti, sérreglur Langanesbyggðar

Til máls tók Siggeir Stefánsson, sem lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls. Samþykkt samhljóða.

Til máls tók Halldór Rúnar Stefánsson sem lýsti sig vanhæfan við afgreiðslu þessa máls. Samþykkt samhljóða.

Lögð eru fram drög að bréfi til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins með sérreglum Langanesbyggðar vegna byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2018/2019. Í framlögðu bréfi til ráðuneytisins er þess óskað að bætt verði við einum staflíð (d), sem orðist svo *Einungis skip sem eru minni en 300 brúttótonn fá úthlutun* og breytingu á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar sem verði breytt þannig að orðið sveitarfélags komi í stað byggðarlags. Umrædd setning orðist því á eftirfarandi hátt. *Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.* Framsett ósk um breytingu er samhljóða breytingu fyrra árs.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagt bréf og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu til ráðuneytisins. Einnig áréttar sveitarstjórn að öllum byggðakvóta sem og mótframlagi skuli landað til vinnslu í sveitarfélaginu og að samráð skuli haft milli vinnslu og útgerðar um aðstreymi á hráefni á hverjum tíma. Allt með það að markmiði að hámarka áhrif úthlutunarinnar á atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.



19. Minnisblað vegna Drekasvæðis ehf., dags. 28. nóvember 2018

Fram er lagt minnisblað KPMG dags. 28. nóvember sl. Minnisblaðið varðar einkahlutafélagið Drekasvæði ehf sem sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur og Fræ ehf. (félag að fullu í eigu Langanesbyggðar) stofnuðu árið 2008 í félagi við fleiri.

Til máls tók Elías Pétursson.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að félagið kaupi hlut Navitas ehf og færi sem eigin hlut. Einnig samþykkir sveitarstjórn eftirgjöf krafna sveitarfélagsins á hendur Drekasvæðinu ehf. Að síðustu samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að selja eða slíta félaginu með það að markmiði að lágmarka þann kostnað sem fellur á sveitarfélagið.

Samþykkt samhljóða.

20. Erindi frá N4 til Langanesbyggðar, ódags.

Lagt fram ódags. bréf frá sjónvarpsstöðinni N4 þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að þáttaröðinni *Að norðan* árið 2019.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn þakkar erindið og felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara og grennslast fyrir um frekari útfærslu á hugmyndum sem þar eru settar fram.

Samþykkt samhljóða.

21. Aðgangur að Íþróttamiðstöð Langanesbyggðar utan hefðbundins opnunartíma

Lögð fram yfirlýsing sem þeir notendur íþróttamiðstöðvarinnar skulu undirrita vilji þeir fá aðgang að þreksal íþróttamiðstöðvarinnar utan hefðbundins opnunartíma.

Til máls tóku Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagða yfirlýsingu og að frá og með næstkomandi áramótum skuli þess krafist að allir sem nýta sér aðstöðu íþróttamiðstöðvarinnar utan opnunartíma undirgangist efni hennar.

Samþykkt samhljóða.

22. Ályktun um flugmál

Svohljóðandi tillaga að ályktun sveitarstjórnar var lögð fram:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar fagnar nýútkominni skýrslu um *Uppbyggingu flugvallarkerfisins á Íslandi og eflingu innanlandsflugs*. Að koma varaflugvöllum landsins inn í efnahagsreikning ISAVIA og að breyta eigendastefnu ISAVIA á þann hátt að hún taki mið af byggðamálum, eflingu ferðaþjónustunnar og atvinnuuppbyggingar um allt land er stórt og mikilvægt skref í uppbyggingu vallanna. Þá telur sveitarstjórn Langanesbyggðar að það, að jafna aðgengi landsmanna að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum með niðurgreiðslum á fargjöldum í innanlandsflugi geta verið eina stærstu byggðaaðgerð sem



ráðist hefur verið í á síðari árum. Sveitarstjórn Langanesbyggðar hvetur alþingi til þess að veita tillögunum framgang, svo að þær komist til framkvæmda hið fyrsta.

Samþykkt samhljóða.

23. Fundaplan 2019

Yfirlit fyrir fundi, nefndir og ráð lagt fram.

Til máls tók Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagða áætlun fyrir 2019.

Samþykkt samhljóða.

24. Reglur um starfskjör kjörinna fulltrúa og nefndarfólks

Lagðar fram tillögur að reglum um þóknun kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum Langanesbyggðar, ásamt greinargerð og skýringum.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur og þær taki gildi frá og með 1. janúar 2019. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að birta þessar reglur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

25. Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2023 – síðari umræða

Oddvitar L- og U-lista leggja fram svohljóðandi breytingatillögur við fjárhagsáætlun Langanesbyggðar fyrir árið 2019:

1. Ný heimilisfræðiaðstaða

Sveitarstjórn samþykkir að allt að kr. 3.000.000,- verði varið, á árinu 2019, í að hanna og breyta núverandi eldhúsrými í íþróttahúsinu Veri í heimilisfræðiaðstöðu fyrir Grunnskólann á Þórshöfn.

Skv. aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir heimilisfræðslu. Þar sem engin aðstaða er fyrir hendi, er nauðsynlegt að úrbætur verði gerðar og helst að nýtt eldhús verði tiltækt þegar kennsla hefst haustið 2019.

2. Deiliskipulag – miðbær Þórshafnar

Sveitarstjórn samþykkir að haldið verði áfram við gerð deiliskipulagstillagna fyrir þéttbýli á Þórshöfn og á Bakkafirði. Lagt er til allt að kr. 2.000.000,- verði varið til deiliskipulagsvinnu á miðbæjarsvæði á Þórshöfn á árinu 2019.

Rökstuðningur: Í framhaldi af annarri vinnu við deiliskipulag Þórshafnar, er nauðsynlegt að haldið verði áfram þeirri vinnu og að miðsvæði þéttbýlisins, þ.e. þjónustu- og miðkjarni að Miðholti og leikskólavæði meðtöldu að hafnarsvæði, verði deiliskipulagt líka. Í



tillögunum verði gert ráð fyrir framtíðarlausn á aðkomu bifreiða að hafnarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að fá utanaðkomandi aðila til að koma með hugmyndir að skipulagi og hönnun miðsvæðis á Þórshöfn.

3. *Gryfjan upp í Hálsi*

Sveitarstjórn samþykkir að allt að kr. 500.000,- verði varið á árinu til að taka til og hreinsa gryfjuna upp í Hálsi og rækta upp svæðið.

Rökstuðningur: Mikið hefur áunnist í tiltekt og hreinsun á svæðinu á þessu ári. Með því að taka taka í gryfjunni, rækta hana upp má skapa þarna nýtt framtíðar útivistarsvæði fyrir íbúa í Langanesbyggð, hvort sem er til hreyfingar, afþreyingar, skemmtana eða jafnvel tónleikahalds á sumrin.

4. *Hafnarsvæði á Bakkafirði*

Sveitarstjórn samþykkir að allt að kr. 2.500.000 verði lagðar til greiningar á auknu viðleguplássi við bryggjuna á Bakkafirði ásamt og tiltekt á svæðinu fyrir ofan höfnina.

Rökstuðningur: Ljóst er að umsvif á höfninni á Bakkafirði kalla á bætta aðstöðu, enda um eina aflahæstu smábátahöfn á landinu að ræða. Skoða þarf hve mikil þörf er á auknu viðleguplássi og annarri aðstöðu bæði fyrir báta og áhafnir á svæðinu.

5. *Vatnstankur á Bakkafirði*

Sveitarstjórn samþykkir að allt að kr. 300.000,- verði varið í að mála og snyrta vatnstankinn á Bakkafirði.

Rökstuðningur: Tankurinn er á áberandi stað við aðkeyrslu að Bakkafirði og nauðsynlegt er að gefa skýr skilaboð um að eignum sveitarfélagsins sé vel viðhaldið og sinnt. Möguleiki gæti verið að fá börn eða aðra listamenn á svæðinu til að myndskreyta tankinn og gera útlit hans mögulega að eftirtektarverðu útlitaverki.

6. *Árshátíð sveitarfélagsins*

Sveitarstjórn samþykkir að allt að kr. 1.500.000,- verði ráðstafað í árshátíð starfsmanna sveitarfélagsins. Einnig er samþykkt að stefna að því að gera árshátíð starfsmanna sveitarfélagsins að árlegum viðburði.

Rökstuðningur: Markmið þessarar tillögu er að skapa jákvæðan og skemmtilegan vettvang allra starfsmanna sveitarfélagsins, m.a. efla samkennd meðal starfsmanna. Starfsmenn vinna á mörgum deildum og því mikilvægt að búa til tækifæri þar sem allir geta komið saman og glaðst.

7. *Atvinnustefna*

Sveitarstjórn samþykkir að allt að kr. 500.000 verði varið til mótunar stefnu sveitarfélagsins í atvinnumálum.



Rökstuðningur: Samhliða mótun stefnu sveitarfélagsins í húsnæðismálum er nauðsynlegt að mótuð verði stefna í uppbyggingu og mótun atvinnulífs í sveitarfélaginu öllu. Þessi stefna þarf að vera mótuð í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, íbúa, fyrirtæki og atvinnulíf í sveitarfélaginu.

8. Aðstaða eldri borgara

Lagt er til að skoðaður verði möguleiki á að gefa eldri borgurum möguleika á að nýta húsnæði sveitarfélagsins að Hálsvegi 3, þar sem eldri deild leikskólans hefur verið til húsa. Heimilað verði að verja allt að kr. 300.000,- til verkefnisins á árinu, í endurbætur og nauðsynlegar lagfæringar.

9. Bæjarhátíðin Bryggjudagar

Sveitarstjórn samþykkir að allt að kr. 500.000 verði varið til að aðstoð við framkvæmd hinna árlegru Bryggjudaga sem haldnir hafa verið með góðum árangri á Þórshöfn undanfarin tvö ár. Auk þess er lagt til að sveitarfélagið standi við bakið á verkefninu með lánnum á mannskap, búnaði og tækjum.

Rökstuðningur: Bryggjudagar hafa verið haldnir með góðum árangri og dregið mikla athygli að byggðarlaginu, eins og bæjarhátíðir víða um land. Á sama tíma og nauðsynlegt er að standa vel á bak við sjálfbodaliða og aðra sem standa að undirbúningi, er mikilvægt að fyrir liggja tímanlega viljayfirlýsing sveitarfélagsins um aðkomu verkefninu. Með þeim hætti er allt skipulag auðveldað og þannig styrkari stöðum hleypt undir þetta verkefni til framtíðar.

10. Bakkafjörður, verkefnið brothætt byggð

Sveitarstjórn samþykkir að verja allt að kr. 5.000.000,- í uppbyggingu á Bakkafirði í tengslum við verkefnið *Brothættar Byggðir*. Einnig er lagt til að sveitarfélagið móti sér stefnu/sýn um í uppbyggingu atvinnulífs á Bakkafirði.

Rökstuðningur: Sveitarfélagið hefur nú þegar hafið undirbúning að opnun verslunar og þjónustumiðstöðvar í verslunarhúsnæðinu á Bakkafirði og er gert ráð fyrir að starfsemi hefjist þar í vor. Einnig hefur ríkisstjórnin samþykkt tillögur um eflingu byggðar á Bakkafirði með auknum aflaheimildum og bættum vegasamgöngum. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði til starfa verkefnisstjóri og einnig stendur til að koma á fót starfsstöð í náttúrurannsóknnum á Bakkafirði. Hluti af þessum aðgerðum er að koma á samfélagssáttmála um þjónustu og umhverfismál. Nauðsynlegt er að sveitastjórn móti sér stefnu í samráði við íbúa á svæðinu og ríkisvaldið til að samþykktar aðgerðaáætlanir skili sem bestum árangri.

11. Nýtt úrræði fyrir förgun sorps

Lagt er til að kr. 2.000.000 verði veitt á árinu 2019, til að hefja undirbúning að leit að nýjum urðunarstað og eða nýju úrræði til förgunar fyrir sorp frá Langanesbyggð.



Rökstuðningur: Mikil óánægja er með urðun sorps á Bakkafirði meðal heimamanna. Nálægð við þéttbýlið þar er líka óheppileg, sérstaklega þar sem staðurinn gerir helst út á vinnslu ferskra sjávarafurða. Einnig þarf sveitarfélagið að finna langtímalausn á urðun eða förgun sorps fyrir byggðarlagið í eða með samvinnu við önnur byggðarlög ef svo ber undir. Þar gæti mögulega komið til orku- og atvinnuskapandi tækifæri með brennslu sorps fyrir Norður- og Austurland, sem dæmi. Sú lausn, ef af yrði, gæti leyst urðunarmál stórs hluta landsmanna.

12. Gangstéttir á Þórshöfn og Bakkafirði

Lagt er til að kr. 1.500.000 verði varið til að gera nýjar gangstéttir í þéttbýli í Langanesbyggð á árinu. Í forgang verði settir staðir þar sem þörfin er mest.

Rökstuðningur: Mikilvægt er ef fólk innanbæjar á að komast leiðar sinnar að gangstéttir séu sem víðast meðfram götum bæði á Bakkafirði og í Þórshöfn. Margir, ekki síst eldri borgarar, ganga í auknum mæli bæði úr og í vinnu og sér til heilsubótar. Lögð væri áhersla á að gangstéttir yrðu lagðar og endurbættar í húsagötum á Bakkafirði og á Þórshöfn þar sem þörfin væri mest. ???

13. Bæjargirðing á Bakkafirði

Sveitarstjórn samþykkir að verja að allt að kr. 3.500.000,- til að endurnýja og lagfara bæjargirðinguna við þéttbýliskjarnann á Bakkafirði.

Rökstuðningur: Bæjargirðingin í kringum þéttbýlið við Bakkafjörð er ónýtt. Gera þarf nýja girðingu og er áætlaður kostnaður kr. 1.000.000,- per km. Girðingin er um 3,5 km að lengd og kostnaður um 1 m.kr. á hvern km.

14. Skógrækt

Sveitarstjórn samþykkir að veita allt að kr. 500.000.- í stefnumörkun sveitarfélagsins í skógræktarmálum. Markmiðið verður að stórefla skógrækt í sveitarfélaginu bæði beint og í samvinnu við bændur og aðra í sveitarfélaginu.

Rökstuðningur: Kannað verði hvaða möguleikar eru á styrkjum og stuðningi við stórfellda skógrækt í Langanesbyggð og samvinnu við bændur og aðra í slíku verkefni. Hægt er að vísa til þess hve skóglendi sé lítið á svæðinu og landið hrjóstrugt og meiri þörf sé þess vegna á stuðningi við slíkt stóráttak.

15. Fráveitumál

Sveitarstjórn samþykkir að veita allt að kr. 1.500.000.- í að greina nauðsynlegar athuganir og aðgerðir og forgangsröðun í fráveitumálum Langanesbyggðar.

Rökstuðningur: Ljóst er að fráveitumál uppfylla ekki tilsett skilyrði og eru í ólestri bæði á Þórshöfn og Bakkafirði.

Til máls tók Elías Pétursson og fór yfir fjárhagsáætlun 2019 og 3ja ára áætlun 2020-2022 samhliða. Eftir áorðnar breytingar á fjárhagsáætlun 2019 verða tekjur um 945 m.kr. og



gjöld rúmar 802 m.kr. Alls verður rekstrarniðurstaða án fjármagnskostnaðar því um 143 m.kr. í afgang af sameiginlegri rekstrarniðurstöðu A- og B-hluta, sem nemur um 15% af tekjum. Fjármagnskostnaður er áætlaður um 45,5 m.kr. eða sem nemur um 5% af tekjum. Rekstrarniðurstöður með fjármagnsliðum verða því um 97,2 m.kr. eða 10% af tekjum. Áætlað er að rekstrarniðurstöður verði jákvæðar, um 93,7 m.kr. á þessu ári, en þær voru 90,6 m.kr. árið 2017. Afkoma samstæðunnar heldur því áfram að batna. Gert er ráð fyrir um 34,6 m.kr. hærri skatttekjum og um 20 m.kr. hækkun annarra tekna, en lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði. Launakostnaður hækkar um 12 m.kr., annar rekstrarkostnaður og afskriftir breytast lítið.

Þriggja ára áætlun 2020-2022 gerir ráð fyrir svipuðum rekstri og verður rekstrarniðurstaða jákvæð árið 2020 um 92,5 m.kr., rekstrarniðurstaða árið 2021 jákvæð um 96,2 m.kr. og rekstrarniðurstaða árið 2022 verður jákvæð um 106,9 m.kr.

Þótt skuldir hækki á næsta ári, úr um 619 m.kr. í lok þessa árs í um 689 m.kr. í lok næsta árs vegna framkvæmda við nýjan leikskóla, er gert ráð fyrir því að þær verði komnar niður í um 568 m.kr. í árslok 2022. Áætlað er að veltufjárhlutfall hækki úr 0,93 í 1,46 á tímabilinu og eiginfjárhlutfall úr 0,55 í 0,67.

Fram kom í máli sveitarstjóra að allar framkvæmdir líðandi árs, tæpar 100 m.kr., hefðu verið fjármagnaðar með lausu fé sveitarfélagsins og að tveir þriðju þeirra fjárfestinga sem fyrirhugaðar væru á komandi ári yrðu sömuleiðis fjármagnaðar af lausu fé eða u.þ.b. 200 m.kr af 285 m.kr. fjárfestingu, gengi fjárhagsáætlun eftir.

Að lokum þakkaði sveitarstjóri starfsfólki sveitarfélagsins þeirra góða og óeigingjarna framlag á árinu sem er að líða.

Til máls tók Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Fjárhagsáætlun 2019 með áorðnum breytingum borin upp og samþykkt samhljóða.

Þriggja ára fjárhagsáætlun 2020 til 2022 borin upp og samþykkt samhljóða.

26. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau helstu mál sem í gangi hafa verið og ekki er getið hér að ofan.

Bakkafjörður: Framkvæmdir eru hafnar við lagfæringar á Hafnartanga 4, markmið framkvæmda er að lagfæra húsið þannig að hægt verði að reka þar litla verslun, kaffihús og upplýsingamiðstöð.

Leikskóli nýbygging: Vel gengur að byggja húsið og er verið að klæða það að utan ásamt og að verið er að kynna það upp til að þurrka að innan. Einangrunarvinna hefst fljótlega.

Fráveitumál: Sveitarstjórn hefur verið sent áfangaminnisblað vegna skoðunar á ástandi fráveitumála í sveitarfélaginu. Búið er að kortleggja verkefnið og standa væntingar til þess að endanleg skýrsla verði tilbúin á vordögum.



Bakkafjörður, brothættar byggðir: Í dag bárust sveitarstjóra þau tíðindi að Byggðastofnun hefði samþykkt að taka Bakkafjörð inn í verkefnið brothættar byggðir. Ákvörðun stofnunarinnar er byggð á þeirri vinnu starfshóps heimamanna, þingmanna o.fl. og vinnu starfshóps ríkisstjórnarinnar.

Til máls tóku oddviti og Björn Guðmundur Björnsson. Elías Pétursson veitti andsvar. Siggeir Stefánsson.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Oddviti þakkaði samstarfið á árinu sem er að líða og óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla og nýs árs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:18.